

*Fréttatilkynning frá Framtakssjóði Íslands 1. desember 2010*

## **Kaupum Framtakssjóðs Íslands á Vestia lokið**

- Ítarlegri áreiðanleikakönnun lokið
- Fyrirvari um samþykki Samkeppniseftirlitsins
- Áformað að selja stóran hlut í Icelandic Group
- Stefnt að því að setja Húsasmiðjuna í opið sölufarli

Gengið hefur verið frá kaupum Framtakssjóðs Íslands (FSÍ) á eignarhaldsfélaginu Vestia af Landsbankanum (NBI) með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Tilkynnt var um fyrirhuguð kaup þann 20. ágúst síðastliðinn með fyrirvara um niðurstöðu áreiðanleikakönnunar sem nú er lokið.

Kaupverð FSÍ á Vestia lækkar úr 19,5 milljörðum króna í 15,5 milljarða króna. Ástæður þessa eru tvennskonar. Annars vegar hefur verðmat eigna lækkað vegna breyttra forsendna og hins vegar hefur orðið að samkomulagi að ákveðnar eignir munu ekki fylgja með í kaupunum. Helsta breytingin frá fyrri samningi er að Landsbankinn heldur eftir 19% hlut í Icelandic Group í stað þess að selja félagið að fullu. FSÍ hefur kauprétt á þeim 19% hlut í allt að 12 mánuði.

Í endanlegu samkomulagi felst jafnframt að hlutafjárloforð Landsbankans í FSÍ lækkar úr 18 milljörðum króna í 15 milljarða króna. Ef stærð sjóðsins verður 60 milljarðar verður eignarhlutur NBI 25%. Hlutafjárloforð í FSÍ eru innkölluð hlutfallslega þegar fjárfest er og skilað til eigenda um leið og viðkomandi eign er seld.

Þau fyrirtæki sem fylgja með í kaupum FSÍ á Vestia eru: Icelandic Group, Teymi, Húsasmiðjan og Plastprent.

FSÍ mun starfa samkvæmt hluthafastefnu sjóðsins gagnvart þessum félögum þar sem meðal annars verður kveðið á um skýr og sjálfstæð rekstrarmarkmið. Arðsemissjónarmið verða höfð að leiðarljósi í rekstri félaganna. Gerðar verða skýrar kröfur til stjórnenda þessara félaga um að þeir fylgi hluthafastefnu sjóðsins. Til að auka gegnsæi í rekstri fyrirtækja í eigu sjóðsins er áformað að birta í framtíðinni bæði ársuppgjör og sex mánaða uppgjör félaganna. Almenn stefna FSÍ er að selja eignir eftir 4 – 7 ár en í einhverjum tilvikum er horft til skemmri tíma.

### **Icelandic Group**

Eins og fram kom í tilkynningu frá Vestia 21. september síðastliðinn gerir FSÍ ráð fyrir að selja að lágmarki 30% hlut í Icelandic í framhaldi af kaupunum á Vestia. Ef það gerist mun FSÍ nýta sér kauprétt á 19% eftirstandandi eignarhluta Landsbankans í félaginu. Stefnt að því að ganga frá sölu á verulegum hlut í Icelandic á næstu mánuðum en þegar hafa margir aðilar sýnt áhuga á að kaupa hlut í félaginu. Áætluð velta Icelandic á þessu

ári er um 150 milljarðar króna. EBITDA-afkoma félagsins á þessu ári er áætluð um 7,5 milljarðar króna. Starfsmenn Icelandic eru samtals um 3.700 og af þeim starfa um 50 hér á landi. Bókfært eigið fé Icelandic þann 30 júní síðastliðinn var um 25 milljarðar króna og eiginfjárlutfall 34%.

### **Teymi**

Innan Teymis-samstæðunnar eru starfrækt fjögur félög á Íslandi, þrjú á Norðurlöndum og eitt í Bandaríkjunum. Ákveðið hefur verið að skipta Teymi í tvö sjálfstæð hlutafélög. Annars vegar fjarskiptafyrirtækið Vodafone ásamt dótturfyrirtæki þess í Færeyjum. Hins vegar upplýsingatæknifyrirtækið Skýrr ehf ásamt dótturfélagunum Hugi-Ax á Íslandi, Hands í Noregi og Kerfi í Svíþjóð. EJS sem var í eigu Teymis hefur þegar verið sameinað Skýrr. Áætluð heildarvelta þessara félaga á árinu 2010 er um 40 milljarðar króna og hjá þeim starfa um 1.350 manns. Bókfært eigið fé Teymis þann 30 júní var um 7 milljarðar króna og eiginfjárlutfall 27%.

### **Húsasmiðjan**

FSÍ stefnir að því að setja Húsasmiðjuna í opið sölufurli við fyrsta hentugleika og verður tilkynnt síðar með hvaða hætti staðið verður að sölnunni. Samkomulag er um að fasteign félagsins í Grafarholti fylgi ekki með í kaupum til FSÍ. Áætluð velta Húsasmiðjunnar á þessu ári er um 12,5 milljarðar króna og hjá félaginu starfa ríflega 500 manns. Bókfært eigið fé Húsasmiðjunnar í árslok er áætlað um 1,3 milljarður króna og eiginfjárlutfall um 30%.

### **Plastprent**

Með kaupum á Plastprenti fylgir innlend starfsemi félagsins ásamt dótturfélagi þess í Skotlandi. Dótturfélög Plastprents í Eystrasaltslöndunum fylgja hins vegar ekki með í kaupum FSÍ á Vestia. Áætluð velta Plastprents á þessu ári, að undanskildum Eystrasaltsfyrirtækjunum, er áætluð um 1,6 milljarðar og starfsmenn eru um 100. Bókfært eigið fé Plastprents í árslok er áætlað um 200 milljónir króna og eiginfjárlutfall 27%.

### **Starfsmannamál**

Gengið hefur verið frá því að tveir af átta starfsmönnum Vestia komi til starfa hjá til FSÍ. Aðrir starfsmenn Vestia hverfa að eigin ósk til annarra starfa. Starfsmenn FSÍ eru nú fimm en verða sjö eftir þessar breytingar.

### **Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands:**

„Þessi viðskipti eru mikilvægur áfangi fyrir FSÍ en jafnframt er það mjög mikilvægt fyrir þessi félög að ákveðinni óvissu er nú eytt varðandi þeirra eignarhald. Niðurstöður áreiðanleikakönnunar hafa styrkt okkar trú á framtíðarmöguleikum þeirra. Við hjá FSÍ munum vinna náið með stjórnendum og starfsfólki þessara félaga að því sameiginlega markmiði að tryggja arðsemi og rekstrargrundvöll þeirra til framtíðar. Með kaupunum á Vestia og áður Icelandair er FSÍ komið með eignarhluti í öflugum fyrirtækjum á breiðu sviði þar sem starfa um átta þúsund manns.“

*Nánari upplýsingar veitir Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri FSÍ, í síma 471-7080 eða 897-5767.*